

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

5. tbl. 3. árg.

9. maí 2025

Endurbætur á golfskála og aðstöðu við tjaldsvæði



Eldri mynd frá framkvæmdum sem sýnir vel umfang stækkunar á húsinu.

Þann 18. apríl síðastliðinn opnaði Golfklúbburinn Mostri þann hluta golfskálans sem þjónustar gesti tjaldsvæðisins í Stykkishólmi. Endurbætur á skálanum, bæði að innan og utan, hafa staðið yfir undanfarið en nú

stendur aðeins minniháttar frágangur eftir. Húsið var á síðasta ári klætt með bárujárnri og viðbyggingu bætt við. Útveggurinn sem snýr að golfvellingum var orðinn lélegur og var því byggður nýr og húsið breikkað. Stækkunin ne-



Aðstaða fyrir gesti tjaldsvæðis hefur tekið miklum breytingum til hins betra.

mur um 50 fermetrum. Golfklúbburinn á húsið en klúbburinn er með samning við sveitarfélagið um rekstur á tjaldsvæðinu og aðstöðu fyrir gesti þess. Með endurbótum á húsnaði golfklúbbsins hefur aðstaða tjaldsvæðisges-

ta verið bætt til muna en í húsnaðinu komast gestir tjaldsvæðisins á salerni, geta eldað mat, þvegið þvott, hlaðið síma og fleira. Það ætti því að fara vel um ferðamenn á tjaldsvæðinu í Stykkishólmi í sumar.

Guðni Sumarliðason ráðinn í stöðu verkstjóra í áhaldahúsi



Guðni Sumarliðason og Jón Beck Agnarsson

Guðni Sumarliðason hefur verið ráðinn í starf verkstjóra í áhaldahúsi Stykkishólms sem auglýst var 7. mars sl. Guðni lauk sveinsprófi í

bifvélavirkjun árið 2014 frá Borgarholtsskóla. Hann hefur starfað við alhliða bílaviðgerðir hjá Dekk og smur frá árinu 2018, en hann starfaði

hjá Toyota á árunum 2016 til 2018. Guðni starfaði hjá Golfklúbbi Akureyrar frá 2015 til 2016 við almennt viðhald golfvalla, sá um

umgangi og viðhald ýmissa tækja á golfvelinum. Guðni starfaði sem sumarstarfsmaður hjá Golfklúbbi Reykjavíkur á árunum 2008 til 2014 við almennt viðhald golfvalla, notkun og umgengi tækja. Frá árinu 2018 hefur Jón Beck Agnarsson sinnt verkstjórn í áhaldahúsi en hann lætur af störfum 30. apríl næstkomandi. Jóni eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins og gott samstarf. Þá er Guðna Sumarliðasyni óskað til hamingju með nýtt starf og velfarnaðar í starfi.



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var haldin hátíðlegur um land allt fimmtudaginn 24. apríl. Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi stóð fyrir fjölskylduskemmtun til að fagna sumrinu. Fjórið hófst á íþróttavellinum þar sem byrjað var á lét-

tu hlaupi áður en farið var í leiki, fjöldi fólks tók þátt í gleðinni enda sannkölluð sumarblíða. Formaður foreldrafélagsins grillaði pylsur fyrir viðstadda og sveitarfélagið bauð börnum og foreldrum/forráðamönnum frítt í sund.



Stóri plokkgagurinn í Stykkishólmi

Stóri plokkgagurinn var haldinn um land allt sunnudaginn 27. apríl en hann nýtir fólk til að plokka og fegra nærumhverfi sitt. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd samþykkti á 5. fundi sínum að halda utan um og skipuleggja stóra plokkgaginn 2025 í sveitarfélaginu og tryggja þannig þátttöku sveitarfélagsins í þessu mikil-

væga verkefni. Nefndin stóð fyrir plokkiðburði í Hólminum og var áhersla lögð á að hreinsa þrjú svæði: Við Orkuplanið, aftan við Skúrinn og íþróttavöllinn og meðfram veginum inn í bæinn. Þátttaka var góð en hátt í 60 manns tóku þátt. Að plokki loknu var boðið upp á grillaðar pylsur.

Strandveiðar hafnar



Jón Ingi landar þeim gula.

Strandveiðar hófust mánudaginn 5. maí, en 30 bátar með heimahöfn í Stykkishólmi hafa fengið standveiðileyfi. Alls hefur Fiskistofa gefið út 779 leyfi til strandveiða á landinu fyrir þetta sumar. Báturinn Jón afi var fyrstur til að landa í Stykkishólmi á tólfta tímanum þann 5.maí og vigtaði aflinn 934 kg. Hverjum strandveiðibát er heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar, mánuðina maí, júní, júlí og

ágúst. Heimilt er að veiða á handfæri allt að 10.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa á strandveiðum. Fiskmarkaður Íslands sinnir löndunarþjónustu í Stykkishólmi fyrir strandveiðar. Óhætt er að gera ráð fyrir blómlegu mannlífi á höfninni í sumar. Matvagnarnir vinsælu verða á sínum stað og grásleppuveiðar á Breiðafjarðarmiðum hefjast svo 20. maí samkvæmt venju.

Dagur Emilsson nýr verkefnastjóri framkvæmda og eigna



Dagur Emilsson, nýráðinn verkefnastjóri framkvæmda og eigna, og Höskuldur Reynir Höskuldsson byggingarfulltrúi sem líkur stöfum í sumar.

Dagur Emilsson hefur verið ráðinn í starf verkefnastjóra framkvæmda og eigna hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem auglýst var 28. mars síðastliðinn. Dagur lauk meistaraprófi í húsasmíði frá Tækniskólanum í Reykjavík árið 2009 og hefur sinnt bæði nýsmíði og viðhaldi á íbúða- og atvinnuhúsnæði í gegnum árin.

Frá árinu 2018 hefur hann starfað fyrir Þ.B. Borg trésmíðju. Samhliða starfi sínu hjá Þ.B. Borg hefur Dagur sinnt störfum fyrir slökkviliðið frá árinu 2020.

Auk þess hefur Dagur lokið nokkrum námskeiðum sem kunna að nýtast vel í nýju starfi. Þar á meðal námskeiði um gerð eldri timburhúsa og námskeiði sem veitir starfsleyfi til byggingarstjóra.

Gert er ráð fyrir að Dagur hefji störf fyrir sveitarfélagið í júní næstkomandi. Sveitarfélagið óskar Degi til hamingju með nýju stöðuna og velfarnaðar í starfi.

Fréttir og umbrot
blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson
aðstoðarmaður
bæjarstjóra.

Nýr rekstaraðili tekur við Baldri í júní



Breiðafjarðarferjan Baldur.


Líkt og fram hefur komið mun nýr rekstraraðili, Ferjuleiðir ehf., taka við rekstri Breiðafjarðarferjunnar Baldurs 1. júní næstkomandi. Hafnarstjórn afgreiddi á fundi sínum 7. maí, stöðuleyfisumsókn frá Ferjuleiðum sem

sóttust eftir því að koma 20 feta skrifstofugám fyrir við ekjubrú á hafnarsvæðinu. Gámurinn er ætlaður til miðasölu í ferjuna. Bæjarráð hafði áður fjallað um málið og veitt hafnarstjórn umboð til að ákvörðunartöku varðan-

di staðsetningu gámsins. Jafnframt hvatti bæjarráð Ferjuleiðir ehf. að finna framtíðarlausn sem fellur betur að umhverfinu. Hafnarstjórn lýsti efasemdum um að staðsetning sem Ferjuleiðir óskuðu eftir væri heppileg út frá um-

ferðaröryggi og öðrum þáttum miðað við umfang starfsemi hafnarinnar á sumrin. Hafnarstjórn taldi fara best á því að staðsetja skrifstofugám á bílastæðum norðanmegin við Smiðjustíg 3, gegn því að fundið verði sanngjarnt verð fyrir leigu á aðstöðu til viðbótar við stöðuleyfisgjald, í ljósi þess að sveitarfélagið yrði af tekjum af þeim bílastæðum sem fara undir skrifstofugáminn. Að öðrum kosti benti hafnarstjórn á skilgreint þjónustusvæði á hafnarsvæðinu. Á þessum forsendum samþykki hafnarstjórn stöðuleyfi á hafnarsvæðinu út september 2025. Þá tók hafnarstjórn einnig undir með bæjarráði um mikilvægi þess að finna viðunandi framtíðarlausn.

Sumarafleysing í íþróttamiðstöð



Sveitarfélagið Stykkishólmur óskar eftir að ráða sundlaugarvörð, (karl) til sumarafleysinga í íþróttamiðstöð Stykkishólms. Um er að ræða tímabundna 100% sumarafleysingu. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Helstu verkefni eru eftirfarandi: Öryggisvarsla við sundlaug og sundlaugarsvæði. Klefa- og baðvarsla. Afgreiðsla, önnur þjónusta og þrif. Gerð er krafa um góð

samskiptahæfni og ríka þjónustulund, hreint sakavottorð og kunnáttu í íslensku og ensku. Lau-nakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. Sveitarfélaga og Kjalar. Fyrirspurnir um nánari upplýsingar má senda á netfangið sund@stykkisholmur.is. Hægt er að sækja um starfið á íbúagátt Stykkishólms. Umsóknarfrestur er til 14. maí 2025. Öllum umsóknum verður svarað.

Sátan framundan



Óttar Proppé og Sigurjón Kjartansson í hljómsveitinni HAM léku á als oddi á hátíðinni í fyrra.

Sátan er þriggja daga rokkhátíð sem haldin er í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi dagana 5. - 7. júní. Hátíðin var fyrst haldin í fyrrasumar og tókst vel til. Hátíðin leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af fremstu rokkhljómsveitum Íslands. Tónleikar hefjast í íþróttamiðstöðinni kl. 15:50 dagana þrjá og standa fram yfir miðnætti. Óhætt er því að gera ráð fyrir blómlegu mannlífi í Stykkishólmi þessa helgi. Meðal hljómsveita sem koma fram á hátíðinni í ár eru Brain Police, The vintage caravan og Skálmöld. Nafn hátíðarinnar kemur úr nærumhverfinu og ættu Hólmara, Helgfellingar og aðrir kunnugir staðhátum að þekkja vel söguna af því hvernig Sátan varð til. En Sátan

er heysátan sem losnaði af klyfjum Kerlingarinnar í Kerlingarskarði á ferðum hennar.



Gestir Sátunnar 2024 hvíla eyrun á milli laga og fá sér ferskt loft í veðurbliðunni.

Sagan af Kerlingunni í Kerlingarskarði og tilurð Sátunnar hljóðar svo. Kerling lagði af stað heiman frá sér og hélt vestur Snæfellsnes. Hún hafði með sér hest og á honum klyfjar með skyrtunnu og heysátu, einnig hafði hún með sér hafur. Kerlingin var sein

fyrir og þurfti að flýta sér nokkuð. Þegar hún var komin áleiðis vestur fjallgarðinn á móts við

Ljósufjöll losnaði sátan af klyfjunum og varð eftir þar sem nú heitir Sátan. Kerlingin brá á það ráð að hanga sjálf í klyfjunum á móti tunnunni. Hesturinn þreytist fljótt og gafst að lokum upp þar sem fjallið Hesturinn er nú. Kerlingin ætlaði þá að bera

tunnuna sjálf en gafst upp og skildi hana eftir þar sem fjallið Skyrturna er nú. Hafurinn gekk með Kerlingu en hún var á mikilli hraðferð þar sem brátt myndi dagur rísa og skildi hafurinn eftir í fjallinu sem nú er þekkt sem Hafursfell. Í þann mund sem hún kemur upp á brún fjallsins sem nú heitir Kerlingarfjall kom sólin upp og varð hún þá samstundis að steini og er þar enn þann dag í dag. Kerlingin tapaði þó nokkru af hæð sinni veturinn 2021 þegar veðrið lék hana grátt eins og greint var frá í frétt á vef sveitarfélagsins. Hún er vissulega enn á sínum stað, en nú í tveimur hlutum. En þó hún hafi minnkað á hæð hafa vinsældir henni ekki minnkað, enda Kerlingarskarðið sívinsælt til útivistar.

Stjórnun stuðningsþjónustu færir til Félags- og skólaþjónustu í tengslum við *Gott að eldast*



Bæjarstjórn samþykkti á 5. fundi sínum þann 28. apríl sl. að færa ábyrgð og stjórnun á stuðningsþjónustu í sveitarfélaginu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (heimaþjónustu o.fl.) til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, en stýring þjónustunnar hefur undanfarin ár farið fram á Höfðaborg. Yfirfærslan mun taka gildi frá og með 1. júní nk.

Þessi ákvörðun byggir á samþykktum breytingum á skipulagi á þjónustu við eldra fólk í tengslum við þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu Gott að eldast. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á daglegum rekstri eða þjónustu á Höfðaborg, enda áhersla á að tryggja megi áfram sambærilegt þjónustugæði við eldra fólk á Höfðaborg eins og það var fyrir breytingarnar.

Sumarið 2023 auglýs-

tu félags- og vinnu- markaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið eftir svæðum til að taka þátt í þróunarverkefnum um samþætta heimaþjónustu. Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi f.h. sveitarfélaga í landshlutanum óskuðu eftir þátttöku í þróunarverkefninu í nafni aðgerðaáætlunar stjórnvalda um þjónustu við eldra fólk, Gott að eldast. Var Sveitarfélagið Stykkishólmur eitt af þeim sveitarfélögum sem sóttist eftir að taka þátt í verkefninu.

Skilyrði fyrir þátttöku var að heilbrigðisstofnun sem rekur heimahjúkrun og sveitarfélög (aðilar) sem reka stuðningsþjónustu séu sammála um að einn aðili reki samþætta heimaþjónustu á tilteknu svæði; sveitarfélag, heilbrigðisstofnun eða að þau feli í sameinin-

gu þriðja aðila rekstur þjónustunnar.

Var umsókn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samþykkt og farið í markvissa vinnu við innleiðingu á verkefninu, m.a. skipuð verkefnastjórn. Verkefnastjórn hefur fundað nokkuð reglulega ásamt því að samþykkt var ákveðin tímalína í verkefninu með upphafstímasetningu á því hvenær samtalið væri að hefjast á hverjum stað fyrir sig:

- Vor 2024 – Borgarbyggð og Skorradalur
- Haustið 2024 – Akranes og Hvalfjarðarsveit
- Janúar 2025 – Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur og Eyja- og Miklaholtshreppur
- Vor 2025 – Dalabyggð

Samkvæmt verkáætlun Gott að eldast hefur lengi verið stefnt að því

að ljúka samræmingu á Snæfellsnesi á vormánuðum 2025, en Snæfellsnes skilgreint sem eitt svæði í Gott að eldast verkefninu. Eitt af því sem legið hefur fyrir er að setja samræmdar reglur og samþykktir á Snæfellsnesi.

Félags- og skólaþjónustan Snæfellinga hefur leitt vinnu við gerð sameiginlegra reglna um stuðningsþjónustu fyrir öll sveitarfélög á Snæfellsnesi. Lögð var áhersla á mikilvægi samræmdra reglna fyrir allt svæðið þegar kemur að innleiðingu á Gott að eldast á Snæfellsnesi, til að tryggja jafnræði í þjónustu og koma í veg fyrir mismunun gagnvart þeim íbúum sem nýta sér þjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Breytingin er því liður í samþættingu þjónustu sveitarfélaga á Snæfellsnesi og felur í sér að stjórnun og ábyrgð á stuðningsþjónustu færir til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Í framangreindri tilfærslu felst m.a. ábyrgð á stjórnun og rekstri stuðningsþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ábyrgð á daglegum störfum í málaflokknum, svo sem umsjón með umsóknarferlum,

þjónustu, markmiðasetningu og gæðastarfi fyrir málaflökkinn sem og inleiðingu stefnumótunar. Þá munu önnur tilfallandi verkefni, sem falla undir málaflökkinn einnig flytjast til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Vegna þess að stjórnunarleg ábyrgð hefur færst til

Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga hefur starf forstöðumanns Höfðaborgar verið lagt niður frá og með 1. júní nk. og 25% staða verkefnisstjórnunar í heimaþjónustu, en sá hluti sem snýr að stöðugildum í heimaþjónustu verður endurmetin af hálfu Félags- og skólaþjónus-

tu Snæfellinga. Auk þess verða önnur verkefni Höfðaborgar flutt til annarra eininga innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Starfsfólk sem sinnir stuðningsþjónustu mun áfram hafa starfstöð á Höfðaborg en starfi þeirra verður stýrt

af Félags- og skólaþjónustunni. Áfram mun félagsstarfi jafnframt vera sinnt af starfsfólki Höfðaborgar og önnur þjónusta Höfðaborgar sú sama, enda áhersla á að tryggð muni vera áfram sambærilegt þjónustustig við eldra fólk á Höfðaborg eins og hún er veitt í dag.

Framkvæmdir við Sundlaug Stykkishólms



Vegna framkvæmda er útisvæðið við Sundlaug Stykkishólms lokað. Framkvæmdir hófust 5. maí síðastliðinn og var upphaflega gert ráð fyrir að þessum fyrsta áfanga yrði lokið fyrir 8. maí. Nú liggur fyrir að verkið tekur lengri tíma og sundlaugin lokuð á meðan. Opnað verður eins fljótt og auðið er og allt kapp lagt á að klára fram-

kvæmdina sem fyrst. Eins og kunnugt er stendur til að endurnýja heitu pottana og þurfti því að loka umrædda lauginni vegna lagnaframkvæmda á bakkanum sem má sjá á myndunum hér að ofan. Um leið og þessum áfanga verksins er lokið verður sundlaug, vaðlaug og innilaug opin en pottasvæði lokað vegna framkvæm-

da við endurnýjun pottana. Opnað verður svo fyrir heitu pottana þegar búið er að fjarlægja þá gömlu og koma nýjum og stærri pottum fyrir. Gert er ráð fyrir að það verk verði klárað undir lok maímánaðar. Í summar er einnig gert ráð fyrir að saunaklefi og infrarauður klefi bætist við aðbúnað sundlaugarinnar. Sú aðstaða

kemur í tilbúni einingu sem verður komið fyrir á sundlaugarbakkanum þegar hún kemur. Ekki þarf að loka sundlauginni í tengslum við þá framkvæmd. Samhliða þeim framkvæmdum sem nú standa yfir er unnið að því að endurnýja öryggismyndavélakerfi sundlaugarinnar og bæta með því móti öryggi sundlaugagesta.



Sveitarfélagið Stykkishólmur auglýsir eftir kraftmiklu fólki í skemmtileg störf sumarið 2025.

Flokkstjórar vinnuskóla

Flokkstjórar stjórna daglegu starfi vinnuflokka skólans og stuðla að reglusemi, ástundun og góðri umgengni starfsmanna. Flokkstjórar vinna með unglingunum og sýna þeim hvernig staðið skuli að verki og leiðbeina um notkun á áhöldum og tækjum.

Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga.

Aðstoð og stuðningur við vinnuskóla

Sveitarfélagið leitar einnig eftir stuðningsfulltrúum sem vinna með flokkstjórum og sinna stuðning við störf vinnuskólans.

Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, vera hugmyndarík og skapandi, geta unnið sjálfstætt og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, auk ánægju af að vinna með ungmennum.

Samfélagsflokkurinn

Sveitarfélagið leitar einnig eftir kraftmiklum og hraustum einstaklingum í nýtt verkefni, verkefnið er hugsað fyrir ungmenni úr 9. og 10. bekk grunnskóla. Samfélagsflokkurinn sérhæfir sig í viðhaldi á höfn, skógrækt og stígagerð. Samfélagsflokkurinn sinnir ekki hefðbundnum garðyrkjustörfum á borð við snyrtingu beða eða krökun. Umsækjendur þurfa að búa yfir frumkvæði og hafa áhuga á útiveru og því að læra handbragð við almenn útistörf.

Starfstímabil er frá lok maí eða byrjun júní til síðari hluta ágúst mánaðar. Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 virka daga.

Starfsmenn í slátturgengi og græn störf

Starfið felst í slætti og umhirðu grænna svæða ásamt

öðrum tilfallandi verkefnum í þjónustumiðstöð.

Umsækjendur þurfa að búa yfir frumkvæði og hafa áhuga á útiveru og því að læra handbragð við umhirðu-grænna svæða.

Starfstímabil er frá síðari hluta maímánaðar til síðari hluta ágúst mánaðar. Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 virka daga.

Aðstoð og stuðningur við sumarnámskeið

Sveitarfélagið leitar einnig eftir aðstoðarfólki sem styður umsjónaraðila við leikjanámskeið fyrir nemendur í 1.-3. bekk og ævintýranámskeið fyrir 4.-6. bekk. Einnig er leitað eftir stuðningsaðilum sem vinna með flokkstjórum og sinna stuðning við störf vinnuskólans.

Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, vera hugmyndarík og skapandi, geta unnið sjálfstætt og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, auk ánægju af að vinna með börnum.

Starfstímabil sumarnámskeiða er frá 5. júní til 30. júní með möguleika að hefja störf fyrr við undirbúning. Starfstímabil við stuðning í vinnuskóla getur verið 5. júní til 17. júlí með möguleika á lengri tíma.

Um öll störfin

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kjalar. leitað er eftir sakavottorði fyrir þau sem vinna störf á vinnustöðum með börnum, í samræmi við heimildir um slíkt í lögum.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Jakob Björgvin Jakobsson í síma 433-8100. Upplýsingar um launakjör veitir Ríkhartur Hrafnkelsson, mannauðs- og launafulltrúi, í síma 433-8100, en einnig má beina öllum fyrirspurnum á netfangið rikki@stykkisholmur.is. Hægt er að sækja um á íbúagátt Stykkishólms en einnig má skila inn umsóknum á netfangið rikki@stykkisholmur.is.